



Skaftárhreppur
Óskar Örn Gunnarsson
Klausturvegi 4
880 KIRKJUBÆJARKLAUSTUR

Garðabær, 6.1.2025
Málsnúmer: 202412-0013
IAS

Efni: Deiliskipulag miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri, skipulagslýsing

Vísað er í erindi frá Skaftárhreppi þar sem óskað er umsagnar Náttúrufræðistofnunar um skipulagslýsingu vegna deiliskipulags miðsvæðis á Kirkjubæjarklaustri.

Um er að ræða nýtt deiliskipulag fyrir miðsvæði Kirkjubæjarklausturs. Skipulagssvæðið er um 20,8 ha að stærð. Helstu forsendur deiliskipulagsins eru annars vegar að mæta eftirspurn eftir íbúðarhúsnæði og atvinnuhúsnæði, og hins vegar að skipuleggja nýtt íþróttasvæði í sveitarfélaginu. Með skipulaginu er stutt við þá stefnu í aðalskipulagi sveitarfélagsins að byggja upp eftirsóknarvert samfélag.

Náttúrufræðistofnun Íslands hefur kynnt sér skipulagslýsinguna og kemur með eftirfarandi athugasemdir.

Skipulagssvæðið er utan verndarsvæða og þar eru ekki vistkerfi eða jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar samkvæmt 61. gr. laga um náttúruvernd (lög nr. 60/2013). Á vistgerðakorti Náttúrufræðistofnunar kemur fram að alaskalúpína vex á hluta svæðisins og á myndum má sjá að á svæðinu er töluverður trjágróður. Þá sýnir vistgerðakortið að votlendi er á hluta svæðisins og því líklegt að mikið fuglalíf sé á skipulagssvæðinu. Þess ber að geta að vistgerðakortið er ónákvæmt í þeim mælikvarða sem deiliskipulagið er unnið og því er mikilvægt að bæði gróður og fuglalíf verði kortlagt áður en farið er í framkvæmdir.

Virðingarfyllst,

Ingvar Atli Sigurðsson
jarðfræðingur